

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu

Garðabær, 1. apríl 2025
202503-0203/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing – Breyting á aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og aðalskipulags Rangárþings ytra 2016 – 2028 - Hvammsvirkjun; Efnistökusvæði E26, aukin heimild

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps og skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra er barst 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra vegna aukinnar efnistökuheimildar vegna Hvammsvirkjunar.

Í greinargerð er sett fram sameiginleg skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Einnig fyrir samsvarandi breytingu á deiliskipulagi Hvammsvirkjunar.

Auk þess segir að núverandi heimildir í skipulagi heimila að tekið sé allt að 950.000 m³ af efni, þar af 500.000 m³ í efnistökusvæði E26 sem er í lónsstæði Hvammsvirkjunar og mun svæðið fara undir vatn að framkvæmdum loknum. Í heild verður viðbótarefnismagn í efnistökusvæði E26 allt að 390.000 m³. Öll möguleg viðbótarsvæði verða einnig í lónsstæðinu og hverfa því í lónið að framkvæmdum loknum. Stærð námusvæðanna er 24,9 ha, en efnistakan er hins vegar öll innan framkvæmdasvæðis og í væntanlegu lónsstæði Hvammsvirkjunar (mynd 1 í greinargerð) og þar með á svæði sem er búið að heimila að raska nú þegar. Í skoðun er hvort þurfi að gera breytingar á því magni sem verður haugsett og verður þá gerð grein fyrir því í aðalskipulagsbreytingu.

Þjórsárhraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun sem kallast Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að jarðmyndanir séu kortlagðar.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruvirkjarnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvirkjarnum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir

réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisviðmið – Hraun

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að 61. gr. náttúruverndarlaga sé umhverfisviðmið undir umhverfisþættinum jarðmyndanir.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur